

Rammasamningur

Atvinnuleysi hér á landi hefur stóraukist undanfarið vegna erfiðs efnahagsástands. Að mati Alþýðusambands Íslands og Samtaka heilsuræktarstöðva eru það ótvíræðir hagsmunir einstaklinganna og þjóðfélagsins alls að atvinnuleitendum sé gefinn kostur á að rækta líkamlegt og andlegt atgervi. Færðar hafa verið sönnur á að regluleg hreyfing sé mikilvæg undirstaða heilbrigðis.

Vegna þessara aðstæðna gera Alþýðusamband Íslands (ASÍ) f. h. aðildarfélaganna sinna og Samtök heilsuræktarstöðva (SHS) f.h. aðildarfyrirtækja sinna með sér eftirfarandi rammasamning til að styrkja einstaklinga í atvinnuleit til að geta stundað heilsurækt. Samningur þessi gildir til og með 31.12.2009.

Stéttarfélag innán ASÍ sem gerast aðilar að samningi þessum styrkja félagsmenn sína sem hafa misst vinnuna og eru atvinnulausir um kr. 2.000 að lágmarki á mánuði til að stunda heilsurækt. Heilsuræktarstöðvar innán SHS veita þessum viðskiptavinum að lágmarki 50% afslátt á greiðslu af mánaðarkortum stöðvanna.

Til að njóta þeirra kjara sem samningurinn kveður á um skila atvinnuleitendur inn umsókn á skrifstofu stéttarfélags síns, auk staðfestingar á atvinnuleysi. Stéttarfélag sendir viðkomandi heilsuræktarstöð í framhaldinu staðfestingu á því að það greiði þáttökugjald fyrir viðkomandi viðskiptavin. Heilsuræktarstöðvar senda viðkomandi stéttarfélagi reikning mánaðarlega vegna þeirra viðskiptavina sem samningurinn nær til.

Samhliða samningi þessum munu þær heilsuræktarstöðvar sem eiga aðild að honum hver og ein staðfesta aðild sína með yfirlýsingu til ASÍ, þar sem jafnframt er gerð grein fyrir því verði sem þær bjóða. Jafnframt kemur þar fram hvaða takmörkunum aðgangur að stöðvunum kunni að vera háður. Heilsuræktarstöðvarnar skulu senda þessar yfirlýsingar á skrifstofu ASÍ. Á sama hátt mun ASÍ staðfesta gagnvart SHS hvaða aðildarfélag ASÍ eiga aðild að samningnum.

Reykjavík, 6. febrúar 2009

F. h. Alþýðusambands Íslands


Gylfi Arnbjörnsson

F. h. Samtaka heilsuræktarstöðva


Ágústa Johnson